



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2026

INNKK2HH05

Inniklæðningar

Kennari/kennarar	Óskar G. Jónsson (ÓGJ) oskar@fsu.is
------------------	---

Áfangalýsing:

Í áfanganum er fjallað um létt byggingavirki innanhúss með áherslu á útfærslur og klæðningu veggja, lofta og gólfa. Gerð er grein fyrir uppsetningu einstakra grindar- og klæðningakerfa, efnisnotkun, festingum, einangrun, áhöldum, tækjum og vinnuaðferðum. Nemendur læra um smíði léttra innveggja úr blikkstoðum, klæðningu þeirra með gifsplötum, uppsetningu niðurhengdra kerfislofta og lagningu mismunandi parkets m.m. Sérstök áhersla er lögð á útfærslur og frágang á léttum byggingavirkjum í votrými. Í áfanganum er fjallað um einangrun, útveggja og lofta sem og frágang á rakavörn, einnig er fjallað um eldvaranrveggi og hljóðeinangrun húsa. Við förum einnig yfir frágang á timburútveggjum að utanverðu, hvernig við göngum frá vindvörn og möguleikum á mismunandi aðferðum við vindvörn og hvað við þurfum að varast. Kennslan er að mestu bókleg og hugsanlega verður farið í heimsóknir í fyrirtæki, stefnum að því.

Undanfari: FRVV1FB05 – HÚSA3HU09

Markmið er að nemendur:

- Viti hvernig á að einangra útveggi og loft timburmannvirkja
- Viti hvernig á að ganga frá rakavörn léttbyggðra húsa
- Viti hvernig á að ganga frá lagnagrind útveggja og lofta
- Viti og hafi skoðanir á því hvernig á að klæða loft út frá mismunandi klæðningarefnum
- Viti hvernig á að byggja upp timburveggi, einangra og klæða
- Viti hvernig á að byggja upp léttu veggi úr blikkstoðum, einangra og klæða
- Viti hvernig á að byggja upp léttu veggi í votrýmum
- Þekki til mismunandi kefisveggja og kerfislofta, smíði og uppsetningu
- Þekki efni, festingar, áhöld og tæki til smíði og uppsetningu veggja og lofta
- Þekki til gifs og annarra klæðningarefna
- Þekki reglur og leiðbeiningar um styrkleika, eldvarnir, hita- og rakaeinangrun
- Þekki helstu gerðir af gegnheilu og fljótandi parketi og eiginleika þeirra
- Þekki efni, áhöld og vinnuaðferðir við lagningu, slípun og yfirborðsmeðferð á nýju og eldra parketi
- Þekki öryggisreglur og öryggisbúnað

Námsefni:

Inniklæðningar og einangrun, kennslubækur sem stuðst er við. Verkefni frá kennara, ljósrit, leiðbeiningar framleiðanda, efni af neti o.fl. **Legg til að nemendur eignist bókina „Gifsplötur uppsetning veggja“.**

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Verkefni unnin í kennslutímum eða eftir því sem mælt er fyrir um vinnu og skil verkefna.

Vika	Dagsetning	Námsefni – viðfangsefni	Próf- verkefni
1 – 4	6 til 31. janúar	Upphaf kynning. Lagt af stað með efni tengt inniklæðningum. 1. hluti	Sjá námsmat hér fyrir neðan. 1. hluti
5 – 8	02. til 27. feb.	Gifsklæðningar - blikkstoðir og fylgihlutir Gifsplötur uppsetning veggja 2. hluti	ATH. bók – 2 hluti
9 - 12	01. til 27 mars	Einangrun og kerfisloft 3. hluti	3 hluti
13 - 17	30. mars til 06 apríl	Páskafri	30 mars – 06 apríl
13 - 16	7 til 30 apríl	Brunamál	4 hluti
	04 apríl til 24 maí	Gólfefni upprifjun Dimissjón 8. Maí Síðasti kennsludagur 13. Maí Námsmatsdagur 15 – 19 maí Sjúkrapróf 20 maí Brautskráning föstudaginn 29 maí	5 hluti

Námsmat:

Krafa er gerð um góða mætingu, samvinnu og virka þátttöku í umræðum í áfanganum. Mikilvægi gagnkvæmra tjáskipta milli kennara og nemanda, tengt náminu og það sem við erum að fjalla um í hverjum tíma, skiptir miklu máli, þannig nálgumst við starf húsasmiðsins enn frekar. Samræðan eikur líkurnar á að við séum að skilja það sem við erum að fjalla um á sama hátt og nemandinn bætir vonandi enn frekar inn á þekkingu sína á námsefninu og því sem bíður í starfi húsasmiðsins.

Almennt skal skila verkefnum í Innu. Teikningar og efnislistar geta í sumum tilfellum verið skilað beint til kennara.

Almennt gilda skólaþingur Fsu um námið eins og varaðandi mætingar og notkun á sínum í tímum – sjá nánar hér fyrir neðan.

Fyrirkomulag námsmats:

Þátttaka í tímum, rökræða 15 %		Allt tímabilið
Verkefni 1	10%	verkefni koma stöðugt inn
Verkefni 2	15%	tengjast því sem við erum
Verkefni 3	15 %	að fara yfir hverju sinni
Verkefni 4	15 %	Stundum teikningar
Verkefni 5	15 %	Stundum tillaga að útfærslu
Verkefni 6	15 %	rökræða út í gegn

Sérreglur áfangans:

Hvaða kröfur eru gerðar um árangur í prófum, verkefnaskil, viðurlög við að skila verkefnum seint, skólasókn, o.s.frv. sem ekki er kveðið sérstaklega á um í skólasóknarreglum? Til dæmi ákvæði um raunmætingu í verklegum greinum fyrir nemendur með opið vottorð?

Reglur um svindl og notkun gervigreindar.

Ef að grunur um ritstuld og/eða óleyfilega notkun á gervigreind vaknar gætu nemendur þurft að gera munnlega grein fyrir verkefni/prófi.

Sömu reglur gilda um notkun gervigreindar við skrif og gilda um heimildaskráningu almennt. [Reglur um heimildaskráningu má finna á heimasíðu skólans.](#)

Námsmats- og prófsýningardagur

Námsmats- og prófsýningar alltaf við lok hvernar annar. Hvað er það?

Námsmats- og prófsýning er mikilvægur hluti af náminu því þar færðu:

- tækifæri til að sjá hvernig þér gekk.
- útskýringu á námsmati hvort sem um lokapróf eða símat er að ræða.
- ráðleggingar sem geta nýst þér í áframhaldandi námi.
- tækifæri til að gera athugasemd við niðurstöðu námsmatsins ef þér þykir hún ósanngjörn.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Fjölbrautaskóla suðurlands 06.01.2025

Óskar Guðbjörn Jónsson

Yfirfarið 7 jan. 2026

Lárus Gestsson Fagstjóri trédeildar.